

## Fundargerð 224. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 10. september 2019  
**Fundartími:** 8:30 – 11:15  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Rósa Matthíasdóttir  
Hrafnkell Guðnason varaoddviti  
Margrét Jónsdóttir  
Heimir Rafn Bjarkason varamaður Sigurðar Inga Sigurðssonar  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

### *Dagskrá:*

#### **Skipulagsmál:**

##### **1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 181, dags. 14.08.2019**

###### **a) Mörk 9 L173379 og Mörk 10 L175592: Breyting úr sumarhúsabyggð í íbúðarbyggð:**

###### **Lögheimili: Fyrirspurn – 1908030**

Ásdís Finnsdóttir og Bergur Ingi Ólafsson leggja fram fyrirspurn til skipulagsnefndar. Spurt er hvort leyfi fái til að breyta sumarhúsalóðum Mörk 9 (L173379) og Mörk 10 (L175592) í landi Markar í Flóahreppi, úr frístundabyggð, í íbúðarbyggð/lóðir. *Skipulagsnefnd UTU leggur til að sveitarstjórn Flóahrepps hafni beiðni um breytta landnotkun.*

Forsenda fyrir breytingu í þessa átt er að fyrir liggja áhugi og samþykki eigenda aðliggjandi sumarhúsalóða fyrir samsvarandi breytingum eða blandaðri byggð. Þar sem allar aðliggjandi lóðir eru sumarhúsalóðir þá hafnar sveitarstjórn Flóahrepps fyrirliggjandi beiðni um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps sem felur í sér breytingu á landnotkun í Mörk 9 og Mörk 10, úr sumarhúsabyggð í íbúðabyggð. Sveitarstjóra falið að ræða við umsækjendur um mögulegan framgang málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

###### **b) Hnaus L166346: Frístundahús: Fyrirspurn – 1907052**

Sturla Már Jónsson leggur fram fyrirspurn til skipulagsnefndar, um hvort leyfi fái til að flytja 44 m<sup>2</sup> frístundahús á bæjartorfuna að Hnausi L166346. Engin önnur frístundahús eru á jörðinni

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps geri ekki athugasemd við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir sumarhúsi í landi Hnauss L166346. Þá er gerður fyrirvari um grenndarkynningar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirliggjandi beiðni um flutning á 44 m<sup>2</sup> frístundahúsi á bæjartorfuna í Hnausi L166346, með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og felur byggingarfulltrúa að ljúka afgreiðslu málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

###### **c) Ósbakki L165463: Íbúðarhús, reiðskemma, hesthús, vélarskemma: Deiliskipulag – 1905038**

Guðrún Lára Sveinsdóttir Eflu f.h. Guðrúnar Sch. Thorsteinsson, leggur fram skipulags- og matslýsingu dags. 6.8.2019, vegna væntanlegrar tillögu að deiliskipulagi fyrir Ósbakka, L165463, 2 ha spildu í Flóahreppi. Deiliskipulagstillagan mun gera ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús og allt að 350 m<sup>2</sup> hesthús/skemmu. Fyrir er á landspildunni 70 m<sup>2</sup> frístundahús.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki að lýsingin verði kynnt skv. 3 mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og einnig send Skipulagsstofnun til umsagnar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps felur skipulagsfulltrúa að kynna fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsingu dags. 6.8.2019 fyrir Ósbakka, L165463, 2 ha spildu, skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt því að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Ósbakki L165463: Breyting úr frístundasvæði F36 í landbúnaðarland:**

**Aðalskipulagsbreyting – 1905037**

Guðrún Lára Sveinsdóttir Eflu, f.h. Guðrúnar Sch. Thorsteinsson, leggur fram skipulags- og matslýsingu dags. 6.8.2019, vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029. Fyrirhuguð breyting tekur til 2 ha. lands Ósbakka (L165463) sem í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps er skilgreint sem frístundabyggð (F36) og er áætlað að breyta landnotkun í landbúnaðarland. Áætlað er að byggja upp nýtt íbúðarhús og hesthús/skemmu. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnið með deiliskipulag fyrir svæðið.

*Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi lýsingu Eflu dags. 6.8.2019 sem skýrir væntanlegar breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og kynna lýsinguna almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun fyrirbyggjandi skipulags- og matslýsingu fyrir Ósbakka L 165463 dags. 6.8.2019 vegna breytinga á landnotkun úr frístundabyggð nr. (F 36) í landbúnaðarland.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 182, dags. 28.08.2019**

**a) Laugardælar land L206118: Svarfhólsvegur 1: Stofnun lóðar – 1908061**

Vigfús Þ. Hróbjartsson f.h. Árborgar, sækir um stofnun 6698,4 m<sup>2</sup> lóðar úr landi Laugardæla L206118, í Flóahreppi. Staðfang nýrrar lóðar verður Svarfhólsvegur 1. *Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar né staðfang hennar. Þá er ekki gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi umsókn.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir stofnun lóðarinnar Svarfhólsvegur 1, úr landi Laugardæla. Lóðin er 6.698,4 m<sup>2</sup>.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Mosató 1 L226312: Hnaus II Frístundabyggð: Breytt notkun í íbúðarbyggð:**

**Aðalskipulagsbreyting – 1902058**

Skipulagsfulltrúi UTU leggur fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 3.7.2019, vegna breytingar á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029. Breytingin felst í að landnotkun lóðarinnar Mosató 1 L226312, er breytt úr frístundalóð í íbúðarhúsaloð.

Skipulagsstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

- Að rökstyðja beri hvernig breytingin samræmist 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga þar sem talað er um áhrif á einstaka aðila á aðliggjandi svæði.
- Gera grein fyrir hvernig skipulagsbreytingin samræmist gildandi aðalskipulagi þar sem talað er um að ekki sé gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir íbúðabyggð með tilliti til fordæmisgildis.
- Í breytingunni skuli gera grein fyrir breytingu á greinargerð þar sem fram komi heiti og stærð íbúðarbyggðar ásamt skipulagsákvæðum sem heimila uppbyggingu og vísun í töflu á bls. 7 í greinargerð aðalskipulags.
- Lagfæra skuli upplýsingar um mælikvarða í innsendum gögnum til samræmis við gildandi gögn aðalskipulags Flóahrepps 2017 – 2029.

*Skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórn Flóahrepps bregðist við athugasemdum*

*Skipulagsstofnunar með eftirfarandi hætti:*

*Að mati skipulagsnefndar UTU vikur tillagan ekki verulega frá meginstefnu*

*aðalskipulagsins og samræmist ágætlega núverandi ástandi á svæðinu. Umfang*

landnýtingar eykst óverulega við þá nýtingu sem fyrir er þar sem um afar litla og staka lóð er að ræða samkvæmt skipulagi. Svæðið nýtur engrar verndar vegna náttúru- og eða menningarminja. Stækkun reits og umfang nýs landnotkunarreits er óverulegt og vel undir 3 ha sem horft er til sem viðmið um verulega breytingu þó það sé ekki altækt. Breytingin felur ekki í sér ákvæði um byggingarmagn er hefur áhrif á stórt svæði né er hún líkleg til að hafa veruleg áhrif innan eða utan við skipulagssvæðið. Breytingin mun ekki hafa áhrif á einstaka aðila innan svæðisins þar sem hún er unnin í nánu samráði við alla hagsmuna aðila. Breytingin leiðir ekki til þess að verðmæti eða hagnýting fasteignar skerðist umfram það sem vænta má miðað við óbreytta landnýtingu eða óbreytt skipulag þar sem umrætt íbúðarhús er þegar risið og í fullri sátt við umhverfi og íbúa svæðisins. Áhrif tillögunnar eru því óveruleg á byggingarmagn og starfsemi innan jarðarinnar auk þess sem gert er ráð fyrir því í aðalskipulagi Flóahrepps að heimilt sé að byggja íbúðarhús í dreifbýli, þó svo að þau séu ekki í beinum tengslum við landbúnað. Eftir á að hyggja hefði kannski verið rétt að hafa breytinguna skv. ákvæðum um stök íbúðarhús í kafla 2.4.1 og 2.4.9 í aðalskipulagi. Þar sem búið er að auglýsa tillöguna og við hana komu engar athugasemdir, hvorki frá sveitarstjórn, eiganda jarðarinnar né öðrum íbúum er lagt til að hún verði kláruð skv. því sem hér er lagt til.

Breytingin hefur engin áhrif á greinargerð aðalskipulagsins, þar sem svæðið sem breytingin nær til er undir 3 ha og því ástæðulaust að færa svæðið inn sem íbúðasvæði í töflu á bls 7 í aðalskipulagi og áhrifin því óveruleg. Breytingin hefur ekki áhrif á aðliggjandi svæði og aðkoma er sú sama og verið hefur. (sbr. leiðbeiningar um óverulegar aðalskipulagsbreytingar Skipulagsstofnunar frá jan. 2016)

Mælikvarði í haus hefur verið leiðréttur.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 vegna Mosatóar 1 L226312 þar sem landnotkun lóðar er breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð, sem óverulega breytingu á aðalskipulagi skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er skipulagsfulltrúa falið að senda Skipulagsstofnun gögn málsins til varðveislu og auglýsa breytingu aðalskipulags í B-deild Stjórnartíðinda. Þá skal auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar Flóahrepps í samræmi við 2. mgr. 36. gr. sömu laga. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Hallandi L 197704: Viðbygging matshluta 0101: Fyrirspurn – 1908041**

Lögð er fram fyrirspurn Magnúsar Stephensen Magnússonar dags. 8. ágúst 2019 um hvort leyft verði að byggja 89 fermetra einnar hæðar viðbyggingu við núverandi íbúðarhús Hallanda, L197704. Gert er ráð fyrir að viðbyggingin verði með sama útliti og núverandi bygging.

*Skipulagsnefnd UTU telur að ekki verði hægt að veita byggingarleyfi fyrir viðbyggingu, fyrr en gerðar hafa verið viðeigandi breytingar á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Gera þarf breytingu á stærð byggingarreits/lóðar og einnig breytingu á byggingarskilmálum í greinargerði skipulagsins vegna byggingarreits A.*

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar í bókun skipulagsnefndar um að forsenda fyrir viðbyggingu á þessum stað er breyting á gildandi deiliskipulagi og hafnar því erindinu að sinni. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 104 – 1908002F**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. ágúst 2019.

**3. Upplýsingar úr bókhaldi Flóahrepps – 1. janúar 2019 – 31. júlí 2019**

Lagðar fram til kynningar upplýsingar úr bókhaldi Flóahrepps fyrstu sjö mánuði ársins. Ljóst er af stöðu mála að gera þarf viðauka vegna aukningar á umfangi sorphirðu og mjög góðrar þátttöku í hreinsunarátaki. Einnig eru í undirbúningi framkvæmdir við Þjórsárver vegna rakaskemmda í kjallara hússins. Sveitarstjóra falið að vinna að gerð viðauka fyrir næsta fund sveitarstjórnar á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga og áætlana frá umsjónarmanni fasteigna. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Framtíð ljóstengds Flóahrepps – erindi frá Árna Eiríkssyni og Hrafnkeli Guðnasyni**

*“Tækifæri og áskoranir*

*Við Flóamenn stöndum á tímamótum nú þegar íbúar og fyrirtæki eru að tengjast ljósleiðara. Um leið að opnast mörg ný og spennandi tækifæri en jafnframt stöndum við frammi fyrir*

þeirri áskorun að nýta þetta verkfæri til framfara. Á þessum tímamótum er eðlilegt að spyrja sig með hvaða hætti sveitarfélagið geti undirbúið og stutt við sína íbúa unga sem aldna að nýta sér þau tækifæri sem í ljósleiðaravæðingu eru.

Fimmtudaginn 5. september síðastliðin stóð Nýsköpunarmiðstöð Íslands ásamt landshlutasamtökum sveitarfélagana fyrir ráðstefnu sem haldin var samtímis á sex stöðum á landinu og streymt um leið á netinu, undir heitinu Nýjir straumar- tækifæri dreifðra byggða, fjórða iðnbyltingin.

Við mættum á Hótel Selfoss sem var einn af þessum stöðum og hlýddum á framsögumenn sem voru staddir víðsvegar um landið við að flytja sín erindi. Þarna komu fram margir athygliverðir fletir á því hvað er hægt og hvaða möguleikar og tækifæri geta legið í bættum nettengingum og innreið fjórðu iðnbyltingarinnar.

En ekkert gerist af sjálfu sé og því teljum við mikilvægt að við Flóamenn förum í vinnu við að varða leiðina; - hver eru tækifærin? - hverjar eru áskoranirnar? - hvert viljum við stefna og - hvernig komumst við þangað ?

Við teljum rétt að virkja mannauð sveitarfélagsins bæði íbúa og starfsfólk til þessarar vinnu með okkur, en allt kostar og því nauðsynlegt að gera ráð fyrir því við gerð fjárhagsáætlana til næstu ára.”

Árni Eiríksson, Hrafnkell Guðnason

Mikilvægt er að hefja samtal við íbúa og atvinnurekendur um þessi mál og horfa til framtíðar. Í Flóahreppi búa framsýnir og metnaðarfullir íbúar sem sveitarstjórn hefur fulla trú á að nýti sér alla möguleika til framþróunar. Ljósleiðaravæðing auðveldar einnig íbúum tengsl við stjórnsýsluna m.a. rafræna stjórnsýslu, allar umsóknir og úrvinnslu þeirra. Dæmi tekið af umsókn um hvatastyrkina. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða fulltrúa allra nefnda í sveitarfélaginu, fulltrúa stofnana sveitarfélagsins, nemendaráðs og starfsfólk Flóahrepps á umræðufund um tækifærin sem felast í rafrænum samskiptum og vinnslu rafrænna gagna. Stefnt er að því að fundurinn verði haldinn á tímabilinu lok október – fyrir miðjan nóvember Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 5. Fyrirspurn frá Atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps

Í erindi atvinnu- og umhverfisnefndar er spurt um lista yfir atvinnurekendur í Flóahreppi og óskað eftir því að hann verði unnin sé hann ekki til. Einnig er óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar til þátttöku í „Norræna strandhreinsunardeginum“ og boðin fram aðstoð atvinnu- og umhverfisnefndar við að skipuleggja daginn ef ákvörðun verður tekin um þátttöku sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra og starfsmönnum að taka saman umbeðnar upplýsingar. Flóahreppur þakkar atvinnu- og umhverfisnefnd fyrir að vekja athygli á hreinsun strandlengjunnar. Skoðað verði að Flóahreppur taki þátt í Norrænum strandhreinsunardegi vorið 2020 í samráði við landeigendur.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 6. Erindi frá Þorvaldi Steinþórssyni varðandi ágang búfjár

Lagt fram erindi frá Þorvaldi Steinþórssyni sem rekur ferðaþjónustu í Önundarholti. Þar er kvartað yfir ágangi sauðfjár á bæjarhlaði og annarsstaðar á jörðinni.

Sveitarstjórn bendir íbúum á að finna þurfi út hverjir eru eigendur að búfé sem eru á flækingi og óska eftir því að það verði sótt, gangi það ekki eftir er hægt að tilsegja búféð. Í mörgum tilfellum eru bæjarhlöð afgirt og möguleiki er á að óska eftir ristarihliði hjá Vegagerðinni á Selfossi til þess að hindra ágang óskilabúfénaði heim við bæi. Jafnframt er bent á skyldu landeigenda að girða og halda við merkjagirðingum á móti eigendum aðliggjandi landa. Þó lausaganga sé ekki formlega séð bönnuð í Flóahreppi þá eru búfjáreigendur hvattir til þess að halda búfé sínu í afgirtum heimahögum og fjarri umferðaræðum um sveitarfélagið. Flækingur á búfé skapar óþægindi og veldur jafnvel tjóni hjá nágrönnum og skapar mikla slyshættu. Vegagerðin greiðir landeigendum fyrir viðhald á veggirðingum á hverju ári sé um það sótt. Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 7. Til umsagnar:

Frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytinu: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Mál nr. S-206/2019

Lagt fram til kynningar.

## **8. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna jafnlaunavottunar**

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga ásamt minnisblaði Lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins varðandi skyldur opinberra aðila til þess að öðlast jafnlaunavottun. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samráði við aðra stjórnendur sveitarfélagsins. Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **9. Frá Jafnréttisráði – tilnefningar til jafnréttisviðurkenninga**

Lagt fram erindi frá Jafnréttisráði þar sem óskað er eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs fyrir árið 2019.

Lagt fram til kynningar.

## **10. Flóaljós – upplýsingagjöf**

Lokafrágangur uppgjörstendur yfir og úrvinnsla á skilagögnum til Fjarskiptasjóðs er á lokametrum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## **11. Trúnaðarmál:**

Fært í trúnaðarmálabók.

## **12. Fundargerðir:**

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 223, dags. 13.08.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps dags. 19.08.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Æskulýðs- og tómstundaneftndar nr. 42, dags. 02.09.2019

Sveitarstjórn Flóahrepps er aðili að samstarfsvettvangi sveitarfélaga um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og mun kynna málið samhliða þeirri vinnu og í samráði við nefndir sveitarfélagsins og íbúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Oddvitaneftndar UTU dags. 02.09.2019

Oddviti kynnti fundargerð oddvitaneftndar UTU frá 2. september s.l. Þar var fjallað um seyruverkefnið en farið var í skoðunarferð í Gullfossgirðingu og að Seyrustöðum á Flúðum. Þá var farið yfir sumarið og stöðuna varðandi tæmingar, þjónustustig, framtíðina, kostnaðarskiptingu og verkstöðu á byggingu aðstöðuhúss á Flúðum.

Ljóst er að frágangi rotþróa er ábótavant á nokkrum stöðum við sumarbústaði. Senda þarf erindi til eigenda sumarhúsa þar sem skorað er á þá að koma búnaði í það horf sem samþykktir um fráveitur kveða á um. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum tillögu um að ráðinn verði sameiginlegur starfsmaður inn í seyruverkefnið sem tengiliður milli fasteignaeiganda og seyruverkefnisins. Fyrirvari er þó gerður um að kostnaði vegna starfsmannsins verði skipt í samræmi við fjölda rotþróa innan hvers sveitarfélags.

Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

e) Stjórnar Bygðasafns Árnesinga nr. 10, dags. 03.09.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Byggingarneftndar Búðarstígs 22 nr. 4, dags. 03.09.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Sorpstöðvar Suðurlands nr. 283, dags. 13.08.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð Bergisans dags. 26.08.2019

i) Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Heilbrigðisneftndar Suðurlands nr. 198, dags. 20.08.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Stjórnar SASS nr. 584, dags. 16.08.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 37, dags. 23.08.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 873, dags. 30.08.2019

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

## **13. Efni til kynningar**

- a) Ársþing SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands dagana 24. og 25. október 2019
- b) Verkfundargerð Saurbær – vinnsluhús nr. 1, dags. 13.08.2019
- c) Frá Mannvirkjastofnun vegna Byggingargáttar
- d) Frá Persónuvernd – úttekt á tilnefningu persónuverndarfulltrúa
- e) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna umsagnar um drög að stefnu um úrgangsmál
- f) Frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu – Dagur um fórnarlömb umferðarslysa
- g) Frá IOGT – umsögn um áhrif áfengis á Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna
- h) Frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands – umsögn um Samþykkt um fráveitur í Flóahreppi

*Árni Eiríksson (sign)*

*Rósa Matthíasdóttir (sign)*

*Hrafnkell Guðnason (sign)*

*Stefán Geirsson (sign)*

*Heimir Rafn Bjarkason (sign)*

*Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)*